



Hvað er barni fyrir bestu. Úttekt á samstarfi Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur

Anna María Jónsdóttir,
Félagsráðgjafi

Í eftirfarandi grein eru dregnar saman fræðilegar heimildir og niðurstöður eigindlegar rannsóknar sem gerð var á árunum 2002-2003. Samskipti leikskóla og barnaverndar eru útgangspunktur en einungis er miðað við Reykjavík í þessari rannsókn. Hlutfallslega fáar tilkynningar berast frá leikskólum til barnaverndarnefnda þrátt fyrir að börn á leikskólaaldri séu stór hluti þeirra barna sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Því vakna þær spurningar hvort einhverjar hindranir séu til staðar fyrir samstarfi milli þessara tveggja stofnana, ef svo er hverjar þær eru og þá hvað sé hægt að gera til að bæta samstarfið. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að samstarf hefur verið lítið sem ekkert undanfarin ár. Hindranir eru á þessu samstarfi og benda þær til þess að vanþekking á starfssviðum og togstreita hamli samskiptum. Mismunandi lagaumhverfi, vöntun á upplýsingum, trúnaður við foreldra, óskýrt hlutverk leikskóla í barnaverndarmálum og mikil áhersla á foreldrasamstarf eru atriði sem koma skýrt fram sem hindrun á samskiptum og tilkynningum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í samræmi við erlendar rannsóknir og sýna fram á nauðsyn þess að komið verði á skýrum reglum og góðu samstarfi milli þessara tveggja stofnana. Möguleiki er á að bæta samstarfið en vilji, aukin fræðsla, hugarfarsbreyting og traust er eitthvað sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi við þá vinnu. Það er barninu fyrir bestu.

Samstarf Leikskóla og barnaverndar

Samanburður á sögu Leikskóla og Barnaverndar á Íslandi

Þegar saga og upphaf barnaverndar á Íslandi er borin saman við sögu og upphaf dagvistar sést að upphafið er markað út frá sömu rótum, fátækt. Þó er munur á upphafinu þar sem segja má að í byrjun hafi dagvistarhugmyndin verið hin eiginlega barnavernd. Aðdragandinn var sú neyð sem íslenskar fjölskyldur bjuggu við og nauðsyn á vistheimilum fyrir munaðarlaus börn og barnahæli sem áttu að hjálpa fátækum húsmæðrum við uppeldi barnanna (Jón Freyr Þórarinnsson, 1999; Valborg Sigurðardóttir, 1998).

Upphaf barnaverndar var í stéttbundnu formi félagslegs taumhalds sem beindist að fátækum. Skóla- og fátækranefndir gripu inn í áður en formleg barnavernd var sett á laggirnar. Þannig fékkst barnavernd í byrjun við afleiðingar eymdar og fátæktar sem víðast hvar fylgdi borga- og iðnvæðingu og var markmiðið

að bjarga börnum frá þeirri eymd (Guðrún Kristinsdóttir, 1993).

Þrátt fyrir að við séum komin langt frá þessu upphafi og miklar breytingar hafi orðið á starfsemi dagvistar/leikskóla og barnaverndar, hefur það lengi verið talið að barnaverndarmál eigi einungis við um félagslega illa staddar fjölskyldur og meiri athygli hefur beinst að þeim. Rannsóknir sýna hins vegar að misfellur í aðbúnaði barna eru á öllum stigum þjóðfélags. Sumir sem vanrækja börn sín eða beita þau ofbeldi koma úr góðu umhverfi, eru vel menntaðir og efnalega vel stæðir en þessar fjölskyldur hafa oft betri fjárhagslega möguleika á að fela vandamál sín (Killen, 1994; Iwanic, 1995).

Misfellur í aðbúnaði barna

Vandi í fjölskyldum getur verið margþættur og ekki alltaf tengdur barnavernd. Ef við þekktum ekki til þroska barna, þarfa þeirra og réttarstöðu sem einstaklinga, þar á meðal rétt á vernd þeirra sem þroskaðri eru, væri erfiðara að skilgreina það sem felst í og flokkast gæti sem misfellur

á aðbúnaði þeirra. Misfellur á umönnun og uppeldisskilyrðum barna skiptist í tvo flokka sem eru ofbeldi og vanræksla. Ofbeldi felur í sér athöfn sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla felur í sér skort á nauðsynlegri athöfn sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003). Í rannsókninni var stuðst við skilgreiningar og flokkun á misfellum í aðbúnaði barna sem Freydís J. Freysteinsdóttir (2003) hefur dregið saman en ekki verður farið út í nánari skilgreiningar hér.

Birtingarform

Birtingarform ofbeldis og vanrækslu er mismunandi og getur skarast þar sem rannsóknir sýna að þau börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi eða misnotkun eru í flestum tilfellum einnig tilfinningalega og líkamlega vanrækt (Zellman og Faller, 1996). Börn sýna einnig mismunandi einkenni og bregðast mismunandi við sömu aðstæðum (Sigurður Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993; Guðrún Kristinsdóttir, 2001). Talað er um innhverf og úthverf einkenni sem afleiðingar ofbeldis og vanrækslu. Úthverf einkenni eru sýnilegri og tengjast meir hegðunareinkennum. Innhverf einkenni tengjast meira hugrænum og tilfinningalegum þáttum svo sem depurð, þunglyndi og margs konar kvíða og fælni (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2000). Einkennin geta skarast þar sem oft er um fleiri en eina tegund ofbeldis eða vanrækslu að ræða á sama heimili (Kaplan, 1991). Engar einfaldar skýringar eru til um hvers vegna börn eru beitt ofbeldi eða sæta vanrækslu af hálfu foreldra sinna eða forsjáraðila. Um flókið samspil líffræði, sálfræði-, félags- og umhverfisþátta er að ræða í flestum tilfellum (Gonzales-Ramos og Goldstein, 1989).

Samspil ýmissa þátta; áhættu- og verndandi þættir

Rannsóknir á æviferli og langtímarannsóknir hafa breytt skilningi og sýn á vægi bernskuáhrifa á líf og líðan barna. Þetta byggir meðal annars á rannsóknum á samspili áhættu- og verndandi

þátta, þar sem samspil þátta og atvika úr fortíð og nútíð hefur áhrif á þroska barna (Guðrún Kristinsdóttir, 2000).

Til að öðlast yfirsýn yfir þau kerfi sem hafa áhrif á líf einstaklings eru áhrifaþættir í fari og umhverfi einstaklings settir upp í vistfræðimódel (Belsky, 1980), sem gerir ráð fyrir fjórum sviðum: Microsviði, þar sem einstaklingsbundnir þættir eru metnir, Mesosviði, þar sem fram fara samskipti milli þeirra kerfa sem næst standa barninu, Exosviði, þar teljast kerfi sem hafa óbein áhrif á barnið og Macrosviði, en til þess teljast opinberar stofnanir, lög og reglur sem og norm, venjur og viðhorf samfélagsins. Áhrifaþættir eru síðan metnir út frá eðli og magni þeirra á hverju sviði fyrir sig og ef áhættuþættir eru umfram verndandi þætti er talin aukin hætta á að ofbeldi og vanræksla eigi sér stað innan fjölskyldunnar (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2000).

Verndandi þættir sem gætu dregið úr áhættu geta verið bæði óformlegir og formlegir. Formlegir verndandi þættir eru til dæmis fjárhagslegur stuðningur við fjölskyldursvo sem fæðingarorlof og barnabætur. Leikskólapláss fyrir barn er dæmi um mikilvægan verndandi þátt. Dæmi um óformlega verndandi þætti eru meðal annars sá félagslegi stuðningur sem fjölskyldan nýtur til dæmis frá fjölskyldu og vinum (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2000).

Tilkynningaskylda

Í 16., 17. og 18. grein barnaverndarlaganna (2002) er gerð grein fyrir tilkynningaskyldu almennings og þeirra sem hafa með börn að gera vegna starfs síns svo sem starfsfólk leikskóla, skóla, heilsugæslu og lögreglu. Það vill þó oft bregðast að tilkynnt sé til barnaverndar og geta ástæður þess verið margvíslegar. Í 96. grein barnaverndarlaganna (2002) er kveðið á um refsíákvæði, sem varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef ekki er tilkynnt. Í skýrslu Barnaverndarstofu (2000) kemur fram að um þriðjungur allra tilkynninga berst frá lögreglu en athygli er vakin á því hve hlutfallslega fáar tilkynningar berast frá skólum og leikskólum.

Hvers vegna er ekki tilkynnt til

barnaverndaryfirvalda?

Erlendar rannsóknir gefa vísbendingar um það af hverju fólk tilkynnir eða tilkynnir ekki til barnaverndarnefndar. Langflestir tilkynna til barnaverndar þegar um alvarlegri og sýnilegri brot er að ræða gegn börnum (Zellman og Faller, 1996). Margar ástæður, sem geta skarast að mörgu leyti, geta legið að baki því að fólk tilkynnir ekki til barnaverndaryfirvalda. Hægt er að flokka þær niður í eftirfarandi þætti;

1. Slæmt fyrir mig – Afleiðingar fyrir tilkynnanda.

Hér er aðaláherslan lögð á hvað tilkynning til barnaverndarnefndar hefur í för með sér fyrir tilkynnanda sjálfan. Hér má nefna hræðslu við að verða fyrir aðkasti eða hefnd þess sem tilkynnt er um, eða þá ótta við að missa þau tengsl sem myndast hafa til dæmis í foreldrasamstarfi á leikskóla (Zellman og Faller, 1996).

2. Ég get gert betur en kerfið – Gagnrýni á kerfið.

Hér kemur fram skýr gagnrýni á hina kerfisbundnu starfsemi barnaverndar sem og starfsfólkið, þar sem margir virðast ekki telja það skipta máli hvort þeir tilkynna eða ekki það gerist hvort eð er ekkert. Eða þá að viðkomandi telur að hann geti fundið lausnir á vandanum án afskipta barnaverndar, hann geti gert betur (Zellman og Faller, 1996).

3. Ekki vert að tilkynna – engar áþreifanlegar sannanir.

Aðalástæða þess að ekkert er aðhafst er að viðkomandi telur sig ekki hafa nægar sannanir, eða engar áþreifanlegar sannanir fyrir því að eitthvað sé að. Menn telja sig þurfa að hafa eitthvað áþreifanlegt í höndunum til að hefjast handa (Zellman og Faller, 1996). Mikilvægt er að átta sig á að ekki er nauðsynlegt að hafa sannanir undir höndum heldur að rétt mat sé lagt á einkennin. Það nægir að grunur sé um að eitthvað sé að hjá barni til að koma því til aðstoðar (Zellman og Faller, 1996; Guðrún Kristinsdóttir, 2001).

Það að tilkynna eða ræða við einhvern um

málið getur hraðað því að barn og fjölskylda þess njóti þess stuðnings sem nauðsynlegur er (Zellman og Faller, 1996). Það þarf engar sannanir enda er yfirleitt ekki verið að leita að sökudólgi (Guðrún Kristinsdóttir, 2001).

Þegar þessar ástæður eru skoðaðar sést mikilvægi þess að auka þekkingu almennings sem og fagaðila á starfsemi barnaverndar, og hvað skilgreinist sem vanræksla eða ofbeldi. Vitneskja og þekking á barnaverndarlögunum og starfsemi barnaverndaryfirvalda eykur skilning á því ferli sem fer í gang þegar tilkynnt er (Zellman og Faller, 1996). Gagnkvæm þekking á vinnuumhverfi þeirra sem hafa umsjón og eftirlit með börnum eykur líkur á betra samstarfi (Lichtwarck og Clifford, 1996).

Samstarf í barnavernd

Talið er að margir þeir sem sinna vernd barna og ungmenna á margvíslegum sviðum þjóðfélagsins geti sinnt hlutverki sínu betur og unnið betur saman. Mörg dæmi eru um að vanþekking og fordómar milli stofnana hindri samstarf aðila til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Efla þarf samstarf og samhæfingu þeirra sem með einum eða öðrum hætti sinna barnavernd, svo sem starfsfólks barnaverndar, skóla, leikskóla og lögreglu (Félagsmálaráðuneytið, 1992). Lög og reglugerðir ýta undir þverfaglegt samstarf, það er talið nauðsynlegt og auka líkur á betra og skilvirkara starfi.

Þverfaglegt starf í barnavernd

Að vinnslu barnaverndarmáls koma oft margir aðilar og margar ólíkar fagstéttir. Það eru auk starfsmanna barnaverndaryfirvalda, starfsmenn ýmissa stofnana sem hafa afskipti af börnum. Þannig eru þverfagleg samskipti til staðar í barnaverndarmálum þar sem þessi mál snúast oft um fjölskyldur sem eru í tengslum við fleiri en eina stofnun. Þar af má nefna, leikskóla, skóla, heilsugæslu, félagsþjónustu, lögreglu og fleiri. Þannig eru það oftar en ekki fleiri verksvið sem geta fylgst með og gefið mikilvægar upplýsingar sem nýtast til að fá heildarsýn á málið (Hallett og Birchall, 1992;

Killén, 1994).

Barnaverndarstarf felur í sér vinnslu mjög persónulegra og viðkvæmra mála. Trúnaður milli starfsmanna barnaverndarnefnda og skjólstaðinga er mikilvægur og ber að gæta hans, því brot á þessum trúnaði getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir samvinnu og meðferð máls. Sá lagarammi sem unnið er eftir í barnavernd hindrar að fagmenn geti miðlað upplýsingum sín á milli. Það er oft á þessum lagalegu forsendum sem hindrun verður á þverfaglegu samstarfi (Hallett og Birchall, 1992; Lichtwark og Clifford, 1996). Sambandið milli barnaverndar og annarra samstarfsaðila svo sem leikskóla er flókið og nauðsynlegt er að gera það skýrara og endurskoða það reglulega (Killén, 1994).

Hindranir eru til staðar í samstarfi við barnavernd

Samkvæmt erlendum rannsóknum eru hindranir til staðar í samstarfi og samskiptum leikskóla og barnaverndar. Í viðtölum við leikskólalækjara og leikskólakennara (sjá í Lichtwark og Clifford, 1996) kemur meðal annars fram að þeir telji að gengið sé fram hjá þeim og því mikilvæga hlutverki sem þeir gegna í lífi barnsins, með því að veita þeim ekki upplýsingar um hvað er að gerast í málefni barns sem er til vinnslu hjá barnavernd. Þeir telja að vissar grunnupplýsingar myndu hjálpa þeim til að túlka og skilja betur mismunandi viðbrögð foreldra og barna. Killen (sjá í Lichtwark og Clifford, 1996) telur að sterkar tilfinningar, vonbrigði og mikil togstreita séu oft viðloðandi viðhorf leikskólakennara og leikskólalækjara til barnaverndar. Það megi meðal annars rekja til þess að leikskólakennarar upplifi sig sem annars flokks í samstarfinu, þeir séu nýttir til upplýsinga en að gengið sé fram hjá þeirri þekkingu, reynslu, menntun og aðstöðu sem þeir hafa til góðs samstarfs.

Hlutverk leikskóla í barnavernd

Á Norðurlöndunum hefur athyglinni verið beint í auknum mæli að samstarfi milli barnaverndarnefnda og leikskóla. Áhersla er lögð á að litið sé til sérstöðu leikskólans

sem fyrirbyggjandi þáttar í barnaverndarstarfi og mikilvægan samstarfsaðila. Grundvöllur er fyrir aukinni og hagkvæmari nýtingu á leikskóla sem mikilvægu úrræði og nauðsynlegum samstarfsaðila í allri barnaverndarvinnu. Möguleikar þessa starfsvettvangs sem eftirlitsaðila og grundvöllur til samvinnu við alla aðila liggur í þeirri menntun sem leikskólakennarar búa yfir (sjá í Killén, 1994). Grundvöllur að góðu samstarfi er að ólíkir aðilar upplifi jafnræði hvað varðar vald og innlegg í mál sem rædd eru, þekking á starfssviði allra aðila eykur líkur á betra samstarfi (Lichtwark og Clifford, 1996).

Samstarf leikskóla og barnaverndaryfirvalda á Íslandi

Þegar hér er komið sögu vakna margar spurningar um það hvernig þessum málum sé háttað á Íslandi. Er virkt samstarf milli starfsmanna leikskóla og barnaverndar. Er einhver togstreita á milli þessara fagstétta hér á landi, eins og rannsóknir erlendis frá benda til að sé á milli fagstétta þar? (Killén, 1994; Lichtwark og Clifford, 1996). Ef það er, hefur þá þessi togstreita áhrif á það hversu oft eða sjaldan er tilkynnt til barnaverndar? Leitast var við að fá svör við þessum spurningum í viðtölum við starfsfólk barnaverndar og leikskóla í Reykjavík og verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hér á eftir.

ÚTTEKT Á SAMSTARFI

Meginspurningar til grundvallar í rannsókninni

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá fram viðhorf beggja aðila til eftirfarandi þátta;

- a) Hvernig er samstarfi Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur háttað?
- b) Standa einhverjar hindranir í vegi fyrir samstarfi?
- c) Ef hindranir eru til staðar hverjar eru þær?
- d) Er þörf á að bæta samstarfið, og þá með hvaða leiðum?

Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast aukna innsýn í þau samskipti sem eiga sér stað milli stofnana sem hafa með málefni barna að gera og tengja þessar stofnanir saman með það í huga að koma auga á þær hindranir sem geta verið í vegi fyrir jákvæðu og farsælu samstarfi. Einnig var markmiðið að opna augu fagfólks fyrir gildi samvinnu, fyrir gildi hvors starfsvettvangs fyrir sig og fyrir gildi vitneskju og þekkingar til að hægt sé að tryggja sem best öryggi barns og umhyggju fyrir því án þess að skerða hagsmuni þess.

Rannsóknaraðferð

Rannsóknaraðferðin sem notuð var í þessari rannsókn er á íslensku oftast nefnd eigindleg rannsóknaraðferð. Þessi aðferð felur í sér sveigjanleika og með notkun hennar er hægt að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu. Eigindleg aðferð er túlkandi og byggir á lýsandi rannsóknargögnum meðal annars viðtölum og afritum þeirra, skjölum og skýrslum. Eigindleg aðferð felur einnig í sér heimildasöfnum frá gögnum sem til eru um rannsóknarefnið eða efni tengt því. Gæta verður fyllsta samræmis milli þess sem skráð er og þess sem viðmælandi segir. Eigindleg aðferð hefur ekki alhæfingargildi heldur eru sjónarmið þátttakanda endurspegluð og síðan dregnar ályktanir út frá þeim (Taylor og Bogdan, 1998).

Þátttakendur

Viðtöl voru tekin við 11 þátttakendur og eiga þeir það allir sameiginlegt, utan einn, að hafa langa starfsreynslu á sínu sviði. Tekin voru viðtöl við 5 starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur (LR) og 3 starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur (BR). Einnig voru tekin viðtöl við 1 starfsmann á Barnaverndarstofu og 2 starfsmenn við leikskólakennarabraut Kennaraháskóla Íslands.

Niðurstöður

Svör fengust við þeim spurningum sem lagt var upp með í byrjun. Niðurstöðurnar eru skýrar en hafa verður í huga að þær endurspeгла einungis viðhorf fárra einstaklinga og því er

ekki hægt að alhæfa út frá þeim, einungis að draga ályktanir. Spurningunni um það hvernig samstarfi milli þessara tveggja stofnana sé háttað var svarað. Einnig spurningunni um það hvort einhverjar hindranir væru í veginum fyrir samstarfi. Það kemur skýrt fram að hindranir eru í veginum fyrir samstarfi milli þessara tveggja stofnana og einnig að þessar hindranir standa líka í veginum fyrir að tilkynnt sé til barnaverndaryfirvalda um ofbeldi eða vanrækslu barna.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að samstarfið hefur verið lítið sem ekkert undan-farin ár. Þó samskipti eigi sér stað eru þau yfirleitt í formi upplýsingaöflunar af hálfu BR, eða tilkynninga af hálfu leikskóla. Í þeim málum þar sem meðferð og vinnsla er í gangi hjá BR eru oft tíðari og meiri samskipti milli leikskóla og barnaverndar að sögn starfsmanna BR. En um eiginlegt samstarf er ekki að ræða.

Það kom skýrt fram í viðtölunum að togstreita er til staðar milli þessara tveggja starfsstétta. Ýmsar skýringar voru gefnar á þessari togstreitu sem og því af hverju þessar tvær stofnanir, sem báðar vinna með það að leiðarljósi að gæta hagsmuna barna, eiga ekki í meira og nánara samstarfi en raun ber vitni. Hér á eftir verða nokkrar ástæður nefndar en umfjöllunin er engan veginn tæmandi.

1. Skipulagsbreytingar Hið litla samstarf segja viðmælendur að megi rekja til hinna miklu skipulagsbreytinga sem orðið hafa á rekstri og þjónustu beggja stofnana. Í gegnum breytingaferlin virðist sem gleymst hafi að taka mið af þeirri mikilvægu staðreynd að þær stofnanir sem í raun eiga að vinna að sama markmiðinu, hagsmunum barna, fjarlægjast og fara á vissan hátt að vinna hvor á mótí annarri. Þannig segja starfsmenn leikskóla að við breytingarnar á Félagsþjónustunni hafi í raun verið klippt á allt samstarf og starfsfólk leikskóla upplifir að það skipti ekki lengur máli þrátt fyrir tengsl þess við barnið. Þetta eru svipaðar upplifanir og hafa komið fram í erlendum rannsóknum á samstarfi leikskóla og barnaverndar (Lichtwarck og Clifford, 1996).

2. Lagaumhverfi Það kemur fram í niðurstöðunum að áður hafi verið virkara samstarf milli þessara stofnana og þótt það hafi verið mismunandi eftir hverfum og starfsmönnum þá virðist það hafa verið jákvæðara og þá ekki einungis fyrir starfsmenn. Börnin fengu einnig að njóta þess þar sem fyrr var gripið inn í mál þeirra þó oft væri það á óformlegri hátt og án þess að hin eiginlega barnavernd sæi um inngrípið. En tímarnir hafa breyst og með nýjum, breyttum og bættum lögum og reglum er allt lagaumhverfi orðið flóknara og jafnframt strangara. Það lagaumhverfi sem starfsmenn barnaverndarnefnda vinna í er flókið. Ekki nægir að líta til einna laga heldur verður að horfa til allra þeirra laga sem ná yfir réttindi og skyldur einstaklinga, fjölskyldna og stofnana. Síðareglur beggja starfsstétta leggja áherslu á lög um þagnarskyldu og trúnað. Brot á þessum lögum geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem hlut eiga að máli. En í barnaverndarlögum er áhersla lögð á tilkynningaskyldu og upplýsingaskyldu fólks og sérstaklega þeirra sem starfa með börnum og taka þau lög fram yfir önnur lög sem kveða á um þagnarskylduna.

3. Ónóg fræðsla, vanþekking á starfssviðum Starfsmenn leikskóla telja að ekki hafi verið staðið nægilega vel að kynningu á þeim breytingum sem áttu sér stað og fræðsla um barnavernd og barnaverndarlög er af skornum skammti. Þannig kemur það skýrt fram hjá starfsmönnum LR að þeir leiti ekki til BR eftir ráðleggingum og að þeir veigri sér við að tilkynna þangað því þeir þekki hreinlega ekki til þess starfs sem fram fer þar. Starfsfólk LR og BR er sér meðvitað um þetta og segjast vilja bæta úr því en fingrinum er svolítið beint að hinum aðilanum til að leita eftir og koma á þessu samstarfi.

4. Upplýsingastreymið Starfsfólk leikskóla telur það vera mikla hindrun á öllu samstarfi að þeir fái ekki upplýsingar til baka frá Barnavernd. Þeim finnst fram hjá sér gengið og þekkingu sinni og því hlutverki sem þeir gegni í lífi barnsins. Þetta eru svipuð viðhorf

og í erlendum rannsóknum (Lichtwarck og Clifford, 1996; Killén, 1994). Einnig kemur fram að starfsfólk beggja stofnana er sér meðvitað um þetta og að þessi hindrun sé til staðar. Jafnframt að þessi hindrun eigi einnig við þegar rætt er um það hvers vegna svo fáar tilkynningar berist frá leikskólum til barnaverndar. Þar sem vanþekking er á starfsemi BR telja utanaðkomandi aðilar að ekki sé unnið að málum barnanna. Þessir aðilar sjá ekkert gerast í málefnum barnsins og veit ekki hvort eitthvað er að gerast. Starfsmenn BR leggja mikla áherslu á að starfsmenn leikskóla hafi samband og samráð og vilja að starfsmenn LR líti á þá sem hjálpartæki til að tryggja það besta fyrir börnin.

5. Grá svæði Óvissa um hvenær á að tilkynna um vanrækslu var einnig nefnt sem ástæða þess að ekki er tilkynnt til barnaverndar. Það þýðir að fólk veigrar sér við að tilkynna vegna þess að það er ekki visst í sinni sök hvað skilgreinist sem misfellur í aðbúnaði barns. Hér eins og erlendis (Lichtwarck og Clifford, 1996; Zellman og Faller, 1996; Killén, 1994) leitar fólk eftir sönnunum á grunsemdum sínum, efast um að forsendur þeirra séu réttar og ákveður að tilkynna ekki þar sem það komi hvort ed er ekki til með að breyta neinu. Hér kemur skýrt fram nauðsyn þess að fræða starfsfólk um þau atriði sem skilgreind eru sem vanræksla eða ofbeldi (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003).

6. Verklagsreglur Það verkferli sem nú er í gangi inni á leikskólunum er langt og flókið og gefur í raun tilefni til að ætla að rannsókn sé komin í gang innan leikskólans áður en tilkynnt er til barnaverndar. En samkvæmt barnaverndarlögum (nr.80/2002) eiga starfsmenn barnaverndarnefndar að sjá um rannsóknina (könnun máls), ekki þeir aðilar sem tilkynna. Með skýrum verklagsreglum og tíðari fundum milli starfsfólks beggja stofnana er auðveldara fyrir starfsfólk leikskóla að „afhenda“ málefni barns til barnaverndar með þá vitneskju að þar verði vel hugsað um það. Hlutverk leikskólans verður áfram að sinna barninu eins vel og hann hefur hingað til

gert og lætur öðru fagfólki eftir ábyrgðina af könnun málsins.

7. Foreldrasamvinna Trúnaður og traust við foreldra er eitthvað sem starfsfólk beggja stofnana vinnur að og kemur það skýrt fram í þeirri áherslu sem lögð er á foreldrasamvinnuna. Samvinna við foreldra er hjá báðum aðilum meginforsenda þess að hægt sé að vinna sem best að hagsmunum barnsins. Leikskólakennarar eru í nánnum tengslum við foreldra barnsins og torveldar það oft samskiptin við barnavernd. Leikskólakennarar veigra sér við að tilkynna þar sem þeir eru hræddir við viðbrögð foreldra eða finnst þeir brjóta gegn foreldrum með því að hafa samskipti við barnavernd. Þetta kemur einnig fram í erlendum rannsóknum sem ein af aðalástæðum þess að ekki er tilkynnt, það er hræðslan við afleiðingarnar fyrir tilkynnandann (Zellman og Faller, 1996). Þetta veldur því að starfsfólk leikskóla segist tilkynna síður til Barnaverndar heldur hlúir að barninu inni á leikskólanum eins og það telur best fyrir barnið. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í erlendum rannsóknum (Killén, 1994; Lichtwarck og Clifford, 1996). Ef tilkynnt yrði til Barnaverndar gæti allt farið upp í háa loft, reiðir foreldrar og afleiðingarnar gætu verið að barnið yrði tekið af leikskólanum. Og hver fylgdist þá með barninu? En það er einmitt það sem barnaverndarstarfsmönnum ber að gera. Þeir taka við hér og kanna málefni barnsins, með tilliti til heildarmyndar þess það er fjölskyldu, umhverfis og aðstæðna. Þeir veita fjölskyldunni þá ráðgjöf og stuðning sem til þarf til að fjölskyldan geti sinnt barninu vel. Starfsmenn BR skilja þó þá erfiðu aðstöðu sem starfsmenn leikskóla eru í hvað varðar samskiptin við foreldrana en á móti eru starfsmenn BR í þeirri aðstöðu að geta ekki gefið upplýsingar um barnið til þriðja aðila nema með vitneskju og leyfi foreldra. Ef foreldrar vilja ekki að leikskólinn fái upplýsingar hindrar það að starfsmenn BR geti haft samráð við leikskólann um málefni barnsins.

Umræða

Ég tel að báðir aðilar geti virt trúnað og viðhaldið trausti foreldra, samtímis því að vinna saman að hagsmunum barnsins. Til að gera það lítum við aftur til foreldrasamvinnunnar á báðum stöðum. Opin og hreinskilin samskipti stuðla að því að foreldrar geti unnið með báðum aðilum. Hjá BR kemur fram bæði í viðtölum við starfsmenn og í tölulegum upplýsingum (Félagsþjónustan, 2002) að flest mál eru unnin í samvinnu við foreldra. Því tel ég að í þeirri foreldrasamvinnu sem á sér stað hjá BR ættu starfsmenn að stuðla að því að foreldrar barna sem eru á leikskóla, átti sig á mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla fái upplýsingar sem hjálpa því til að annast barnið. Til að annast barnið, ekki til að hnýsast í einkamál fólks. Í mörgum tilfellum þar sem foreldrar eru á einhvern hátt vanhæfir til að hugsa um barn sitt svo vel sé, eru leikskólakennarar aðalumnönnunaraðilar barnsins. Vissar grunnupplýsingar gætu hjálpað þeim til að skilja betur breytingar í hegðun bæði hjá barni og foreldri. Leikskólakennarar og barnaverndarstarfsmenn komu sjálfir með margar góðar hugmyndir um það hvernig bæta megi úr þessum samskiptum og samstarfi. Til dæmis með því að setja inn í námsskrá leikskólans kynningu á barnavernd, tilkynningaskyldu og þeim aðgerðum sem leikskólinn grípur til ef eitthvað er að aðbúnaði barns. Þannig leggja starfsmenn strax í byrjun leikskóladvalar barnsins góðan grunn að opinum og heidarlegum samskiptum við foreldra. Þeir geta þá rætt þessi mál við foreldra ef eða þegar þau koma upp án þess að fara á bak við foreldra. Um leið eru þeir að viðhalda þekkingu sinni og annarra starfsmanna á barnavernd og draga fram nauðsyn þess að fylgjast með einkennum eða áhættuþáttum sem geta bent til að barn sé beitt ofbeldi eða það vanrækt. Einnig að tilkynningarviðtal verði á leikskólanum þar sem barnaverndarstarfsmaður tekur í raun við málinu frá leikskólanum í opnum viðræðum um það sem ábótavant er í uppeldi og aðbúnaði barnsins.

Samstarf eykur eftirlit og þar með öryggi þeirra barna sem eru í áhættuhópi vegna vanrækslu eða ofbeldis. Nauðsyn á stuðningi

verður aðeins sýnileg ef þekking er á þeim einkennum og áhættuþáttum sem gætu bent til að eitthvað sé að aðbúnaði barns sem gæti valdið því skaða á einhvern hátt. Ég tel að um leið og nánari tengslum og samskiptum verði komið á þá verði flestum hindrunum í samstarfi þessara tveggja starfstétta rutt úr vegi. Eins og í erlendum rannsóknum (Lichtwarck og Clifford, 1996; Zellman og Faller, 1996; Killén, 1994) kom einnig fram hjá starfsfólki leikskóla í Reykjavík að þeim finnst að hlutverk leikskóla í meðferð barnaverndarmála ekki nægilega skýrt. Leikskólinn sé ekki skilgreindur sem sá mikilvægi þáttur í lífi barns sem hann þó er. Þetta tel ég vera rétt og ég sé möguleika á að bæta þetta með því að endurskoða samstarfsreglur milli barnaverndar og leikskóla með tilliti til þessa en einnig að hlutverk leikskóla verði skilgreint í allri meðferðaráætlun barnaverndarmáls. Oftar en ekki er leikskólinn einn af eftirlitsaðilum fyrir barnaverndina um það hvernig áætlun er framfylgt. Þá þegar er vitneskja fyrir hendi inni á leikskólanum um að málefni barns séu til meðferðar hjá barnavernd en oft eru engar upplýsingar veittar frá barnavernd um frekari framvindu málsins svo sem hvaða meðferð eða vinna er í gangi með barnið utan leikskólans. Þetta veldur togstreitu og hindrar að samstarf sé virkt milli þessara tveggja stofnana. Því er mikilvægt að hlutverk leikskólans verði skilgreint þannig að leikskólinn yrði samstarfsaðili um velferð barnsins, og ætti rétt á að fá þær grunnupplýsingar um framvindu málsins sem nauðsynlegar eru til að umönnun barns verði sem best. Eins og er hindra löginn það að upplýsingar um barn séu gefnar til þriðja aðila nema með leyfi foreldra. Í 20. grein barnaverndarlaganna (2002) er tekið fram að félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf við aðrar stofnanir. Þar tel ég að möguleikinn sé fyrir hendi að tengja saman starf þessara tveggja stofnana með lögum. Þannig er hægt að skilgreina og skýra hlutverk leikskólans innan barnaverndar í þeim málum þar sem börn eru á leikskóla. Samræma þarf reglur þannig að það sé ekki

matsatriði starfsfólks hvorrar stofnunar fyrir sig hvenær rétt sé að veita upplýsingar eða tilkynna um barn. Samstarfsgrunnurinn verði heldur miðaður við þarfir barnsins og samvinnan stjórnist af því hvernig best verður komið til móts við hagsmuni barnsins. Það er barninu fyrir bestu.

Heimildir

- Barnaverndarstofa. (2000). *Barnavernd á Íslandi; Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefnda á Íslandi árin 1996-1999*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Belsky, J. (1980). Child Maltreatment; An Ecological Integration. *American Psychologist*, 35 (4), 320-335
- Félagsmálaráðuneytið. (1992). *Áfangaskýrsla samráðsnefndar um málefni barna ogungmenna*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið
- Félagsþjónustan í Reykjavík. (2002) *Ársskýrsla 2001: Félagsþjónustan í Reykjavík*.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2000). Ófullnægjandi umönnun og uppeldis-skilyrði barna; Ofbeldi og vanræksla. *Uppeldi*, 4 (13), 50-53.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldis-skilyrðum barna. *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.). (Bls. 181-189). Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

- Gonzales-Ramos G. og Goldstein, E.G. (1989). *Child Maltreatment: An Overview*. Í Ehrenkranz, S.M., Goldstein, E.G., Goodman, L. Og Seinfeld, J. (Ritstj.). *Clinical Social Work with Maltreated Children and Their Families. An Introduction to Practice*. New York: New York University Press.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1993). Barnavernd og sérfræðiþróun. *Félagsráðgjafablaðið* 4 (1),14-24
- Guðrún Kristinsdóttir. (2000). Tíu ára börn standa vel að vígi. Athugun á færni, áhyggjum og lausnum barna. *Uppeldi og Menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2001). *Barnavernd*. Kennslufni. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands
- Hallett, C. og Birchall, E. (1992). *Coordination & Child protection*. Edinburgh: HMSO.
- Iwanic, D. (1995). *The Emotionally Abused and Neglected Child; Identification, Assessment and Intervention*. Chichester: John Wiley & Sons.
- Jón Freyr Þórarinnsson. (1999). Barnavinafélagið Sumargjöf. *Uppeldi*, 2, 16-17.
- Kaplan, S.J. (1991) Physical Abuse and Neglect. Í Lewis, M., (Ritstj.) *Child and Adolescent Psychiatry; A comprehensive Textbook*. Baltimore:Williams & Wilkins
- Killén, K. (1994). *Sveket. Omsorgssvikt er alles ansvar: (2. útgáfa)*. Oslo: Kommuneforlaget AS.
- Lichtwarck, W. og Clifford, G. (1996). *Samarbeid i barnevernet*. Oslo: Tano.
- Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1993). Hugmyndir um uppeldi fyrr og nú. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (Ritstj.) *Sálfræðibókin* (Bls. 72-79). Reykjavík: Mál og menning.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource-third edition*. New York: John Wiley & Sons.
- Valborg Sigurðardóttir. (1998). *Fósturskóli Íslands*. Reykjavík: Gott mál.
- Zellman, G.L. og Faller, K.C. (1996). Reporting of Child Maltreatment. Í Briere, J., Berliner, L., Buckley, J.A., Jenny, C. og Reid, T. (Ritstj.). *The Apsac Handbook on Child maltreatment* (Bls. 359-380). USA: Sage Publications, Inc.

